

SJÁLFBÆRNISKÓLINN

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

FRÆÐSLUAÐILI: SÍMEY

ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS: 2/6/2023

FORGANGSSVIÐ: STAFRÆN OG/EÐA GRÆN HÆFNIUPPBYGGING Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Sjálfbærniskólinn. SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

UM VERKEFNIÐ

SÍMEY stefnir að því í samstarfi við Vistorku og Orkusetur að búa til Sjálfbærnismiðju. Í því samhengi ætla þessir aðilar að búa til námsefni sem hentar slíkri smiðju. Áherslan til að byrja með mun felast í að auka sjálfbærni í samgöngum.

MARKMIÐ VERKEFNIS

Markmið verkefnisins er að búa til námsefni sem hjálpar einstaklingum að taka upp sjálfbæran lífstíl, sérstaklega á sviði samgangna, orkunúýtingar, endurvinnslu og matarsóunar.

HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Samstarfsaðilar SÍMEY eru Vistorka og Orkusetur Íslands. Báðir þessir aðilar munu koma með sérfræðiþekkingu inn í verkefnið.

HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Helsti ávinningur markhópsins er að gera hann hæfari til að takast á við þær breytingar sem loftslagsbreytingar munu hafa á daglegt líf. Ljóst er að þjóðin þarf að breyta lífnaðarháttum sínum og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og minnka matarsóun.

HVERJAR VERÐA LOKAAFURÐIR VERKEFNISINS?

Lokaafurð verkefnisins verður stafrænt námsefni, aðgengilegt öllum þar sem fjallað er um, umhverfis- og loftslagsmál, samgöngumál, matarsóun, orkunúýtingu, og endurvinnslu og endurnúýtingu á sorpi.